

Stjórnarfundur no 5, 2014/2015

Ár 2014 þriðjudaginn 23. september komu undirritaðir stjórnarmenn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 8.30.

Dagskrá:

1. Bréf frá Ásdísi Árnadóttur þar sem hún leitar eftir hjálp til kaupa á heitum potti við gamla Húsmæðraskólann þar sem í dag er starfrækt skammtímavistun fyrir fatlað fólk á öllum aldri. Samþykkt að styrkja um kr. 25.000.-

2. Fulltrúaráðsfundur AN á Illugastöðum föstudaginn 3. október n.k.
Félagið á 3 fulltrúa.
Skrifstofunni falið að manna fundinn.

3. ASÍ þing í Reykjavík 22. – 24. október
4 fulltrúar og 4 til vara. Tillaga til Trúnaðarráðsfundar um aðalmenn:
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir.

4. Vinnufundur FVSA um kjaramál 8. okt. n.k.
Kynnt var fyrirkomulag fundarins.

5. Fjármál- ávöxtun innistæða – skönnun skilríkja
Rætt um ávöxtunarmál félagsins, aðalmenn í stjórn þurfa að skanna skilríki sín til viðskiptabanka vegna innistæða félagsins.

6. Ályktun
Rætt um ályktun vegna nýs fjárlagafrumvarps. Samþykkt að leggja fyrir fund stjórnar og trúnaðarráðs á eftir.

Fleira ekki fundi slitið

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Anna Kr. Árnadóttir, Árni Þorvaldsson
Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.